

Jafnréttisáætlun

Jafnréttisáætlun FVA byggir á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 (jafnréttislögum), með síðari breytingum (jafnlaunavottun) (lög nr. 56/2017) . Áætlunin kveður á um markmið og aðgerðir til að tryggja bæði starfsfólki skólans og nemendum þau réttindi sem kveðið er á um í lögum. Hvað varðar starfsfólk fjallar áætlunin um hvernig því eru tryggð þau réttindi sem tilgreind eru í 19. – 22. grein laganna. Hvað varðar nemendur fjallar áætlunin um hvernig þeim eru tryggð réttindi sem tilgreind eru í 22. og 23. grein laganna. Áætlunin horfir jafnframt til laga nr. 86/2018 um bann við allri mismunun fólks á vinnumarkaði á grundvelli kynþáttar, þjóðernisuppruna, trúar, lífsskoðunar, fötlunar, skertrar starfsgetu, aldurs, kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkenna eða kyntjáningar. Einnig er horft til laga nr. 85/2018 um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna utan vinnumarkaðar. Þá er jafnrétti eitt af einkunnarorðum FVA (jafnrétti, virðing og fjölbreytileiki) og þannig samofið öllum grunnþáttum í skólasterfinu og jafnréttisáætlun.

Gildistími

Jafnréttisáætlun skal endurskoða á þriggja ára fresti. Jafnréttisáætlun sú sem hér fer á eftir er uppfærð áætlun frá 2017 sem gildi til janúar 2020. Áætlun sú sem hér er lögð fram gildir til febrúar 2023.

Skipulag og ábyrgð

Skólameistari ber ábyrgð á framgangi jafnréttismála innan skólans.

Skólameistari skipar 4 starfsmenn í jafnréttisráð og er reynt að hafa kynjaskiptingu sem jafnasta. Hlutverk jafnréttisráðs er að koma með hugmyndir að markmiðum og leiðum sem stuðla að jafnrétti í skólanum auk þess að fylgja hugmyndum eftir í framkvæmd og meta árangur í samstarfi við jafnréttisfulltrúa og skólameistara. Svigrúm til þessara verkefna er tryggt. Auk skólameistara skipa þessir jafnréttisráð: Björg Bjarnadóttir, Ólöf H. Samúelsdóttir, Finnbogi Rögnvaldsson og Kristbjörn Helgi Björnsson.

Skólameistari skipar jafnframt jafnréttisfulltrúa FVA til þriggja ára í senn, gerir starfslýsingu fyrir hann og tryggir honum nægjanlegt svigrúm til að sinna verkefnum sínum. Jafnréttisfulltrúi starfar með jafnréttisráði. Jafnréttisfulltrúi frá haustönn 2019 er Arnar Sigurgeirsson, kennari. Ábyrgðarsvið hans er a) að fylgjast með stöðu jafnréttismála í skólanum í samræmi við Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla (nr. 10 / 2008), aðalnámskrá framhaldsskóla og jafnréttisáætlun FVA og b) að yfirfara jafnréttisáætlunina í samstarfi við jafnréttisráð og skólameistara.

Skólameistari er ábyrgur fyrir eftirfarandi verkefnum.

Markmið og aðgerðir - Starfsfólk

FVA skal tryggja starfsfólki réttindi sem kveðið er á um í 19. -22. grein jafnréttislaga nr. 10/2008 með síðari breytingum.

Í töflunum hér fyrir neðan má sjá markmið jafnréttisáætlunar FVA, ásamt skilgreiningu á aðgerðum til að ná markmiðum í tengslum við nefndar lagagreinar, hver á að sjá til þess að þær verði framkvæmdar og hvenær. Jafnréttisáætlunin varðar:

1. Launajafnrétti (19. gr. laganna)
2. Laus störf, starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun (20. gr. laganna)
3. Samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs (21. gr. laganna)
4. Kynbundið ofbeldi, kynbundna og kynferðislega áreitni (22. gr. laganna)

1. Launajafnrétti (19. gr. laganna)

„Konum og körlum er starfa hjá sama atvinnurekanda skulu greidd jöfn laun og skulu njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Með jöfnum launum er átt við að laun skulu ákveðin á sama hátt fyrir konur og karla. Skulu þau viðmið sem lögð eru til grundvallar launaákvörðun ekki fela í sér kynjamismun. Starfsmönnum skal ávallt heimilt að skýra frá launakjörum sínum ef þeir kjósa svo.“

Markmiðum og aðgerðum FVA í þessum flokki er ætlað að mæta kröfu laganna: FVA hefur markað sér stefnu í jafnlaunamálum og er launastefna FVA og jafnlaunastefna FVA aðgengileg á heimasíðu skólans. Á grundvelli staðalsins ÍST:85 2012 hafa störf í skólanum verið skilgreind sem og viðmið fyrir mat á störfum mótuð og störf flokkuð á grundvelli þeirra (saman flokkast sömu störf og jafnverðmæt störf). Viðmiðin liggja til grundvallar við launaákvörðun.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að starfsfólk fái jöfn laun og njóti sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf, óháð kyni	Jafnlaunavottun	Skólameistari	Lokið vorið 2020
Að óútskýrður launamunur sé í fyrstu launagreiningu ekki meiri en 5% og markmiðið þá endurskoðað í ljósi niðurstöðu	Árleg launagreining: Greina reglubundið laun og kjör starfsfólks til að kanna hvort um sé að ræða kynbundinn launamun	Fjármálastjóri	Lokið í des. ár hvert
	Leiðréttu laun ef óútskýrður munur kemur fram á launum kynjanna	Skólameistari og fjármálastjóri	Lokið í des. ár hvert

2. a) Laus störf (20. gr. laganna)

„Starf sem laust er til umsóknar skal standa opið jafnt konum og körlum.“

Markmiðum og aðgerðum FVA í þessum flokki er ætlað til að mæta kröfu laganna.

Jafnréttissjónarmið á að meta til jafns við önnur mikilvæg sjónarmið sem ráða við stöðuveitingar. Þess skal gætt að einstaklingum sé ekki mismunað vegna kyns við úthlutun verkefna eða þegar teknar eru ákvarðanir um framgang í starfi. Við gerð auglýsinga vegna lausra starfa skal rýna vel kröfur til umsækjenda, orðalag auglýsinga og hvar auglýsing er birt. Við auglýsingu á störfum er farið að reglum 464/1996 með síðari breytingum, um auglýsingar á lausum störfum.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að ekki sé gert upp á milli einstaklinga á grundvelli kyns í auglýsingum eða við ráðningar	Samantekt á kynjahlutföllum í öllum starfsmannahópum	Gæðastjóri/-verkefnastjóri mannauðsmála	Lokið í sept. ár hvert
	Samantekt yfir auglýst störf, kynjahlutfall umsækjenda og þeirra sem ráðnir eru		
	Samantekt yfir stöðu kynjanna í ráðum og nefndum í skólanum eða á vegum skólans		
	Tryggja faglegt og gegnsætt ráðningarferli fyrir auglýstar stöður		Lokið 2020
Að jafna kynjahlutfallið í stjórnunarstöðum, eftir því sem kostur er	Almennt: Allir hvattir til að sækja um laus störf, óháð kyni Sértækt: Ef auglýsa á gagngert eftir tilteknu kyni þarf það að vera á grundvelli 26. gr. laga nr. 10/2008*	Skólameistari	Alltaf þegar auglýst er

* Ef auglýsa á gagngert eftir tilteknu kyni til að stuðla að jafnari kynjaskiptingu innan starfsmannahópsins þarf það að koma fram í auglýsingunni (3. mgr. 26. gr. laga nr. 10/2008). Einnig er mikilvægt að hafa í huga lög nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði og lög nr. 85/2018 um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna.

2. b) Starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun (20. gr. laganna)

„Atvinnurekendur skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að konur og karlar njóti sömu möguleika til endurmenntunar, símenntunar og starfsþjálfunar og til að sækja námskeið sem haldin eru til að auka hæfni í starfi eða til undirbúnings fyrir önnur störf.“

Markmiðum og aðgerðum FVA í þessum flokki er ætlað að mæta kröfu laganna:

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að tryggja að starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun sé aðgengileg öllum, óháð kyni	Taka saman kyngreint yfirlit eftir starfshópum yfir nám/námskeið sem starfsfólk hefur sótt í tengslum við endur- og símenntun og starfsþjálfun	Gæðastjóri/ verkefnastjóri mannauðsmála	Árlega fyrir lok apríl
	Hvetja til endurmenntunar og starfsþjálfunar	Skólameistari	Árlega fyrir lok maí

3. Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs (21. gr. laganna)

„Atvinnurekendur skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera konum og körlum kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu. Ráðstafanir þær skulu m.a. miða að því að auka sveigjanleika í skipulagningu á vinnu og vinnutíma þannig að bæði sé tekið tillit til fjölskylduaðstæðna starfsmanna og þarfa atvinnulífs, þar með talið að starfsmönnum sé auðveldað að koma aftur til starfa eftir fæðingar- og foreldraorlof eða leyfi úr vinnu vegna óviðráðanlegra og brýnna fjölskylduaðstæðna.”

Markmiðum og aðgerðum FVA í þessum flokki er ætlað til að mæta kröfum laganna: Fjölskylduvænt vinnuumhverfi leiðir til aukinnar starfsánægju, bættrar frammistöðu, aukinna afkasta og minni starfsmannaveltu. Jafnvægi á milli vinnunnar og fjölskylduábyrgðar getur oft verið mikið þúsluspil. FVA leitast við að skapa öllu starfsfólki aðstæður til að samræma starfsskyldur sínar og fjölskylduábyrgð, þannig að jafnvægi ríki.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að vera fjölskylduvænn vinnustaður	Að kynna fyrir starfsfólki leiðir, s.s. um möguleika á tímabundið breyttu vinnu- eða vinnutímafyrirkomulagi eftir því sem við verður komið, til að auðvelda starfsmönnum að samræma fjölskylduábyrgð og starf Kennarar geta lagt fram óskir um kennslumagn og skipulag stundatöflu Aðrir starfsmenn geta óskað tilhliðrana á vinnutímafyrirkomulagi	Skólameistari Aðstoðarskólameistari Áfangastjóri Skólameistari	Árlega í ágúst Fyrir upphaf annar þegar þörf krefur
Að allir foreldrar nýti sér þann rétt sem þau eiga varðandi foreldra- og fæðingarorlof og leyfi vegna veikinda barna.	Kynna fyrir starfsfólki, sérstaklega verðandi foreldrum um réttindi og skyldur sem það hefur gagnvart vinnustaðnum	Skólameistari Áfangastjóri	Árlega í ágúst og eftir þörfum
Að viðhalda og þróa kerfi sem styður FVA sem fjölskylduvænan vinnustað	Taka saman kyngreind gögn um sókn í og nýtingu úrræða og kynna fyrir stjórnendateymi	Gæðastjóri/ verkefnastjóri mannauðsmála	Árlega í maí

4. Kynbundið ofbeldi, kynbundin og kynferðisleg áreitni (22. gr. laganna)

„Atvinnurekendur og yfirmenn stofnana og félagasamtaka skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og skjólstaðingar verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni eða kynferðislegri áreitni á vinnustað, stofnun, í félagsstarfi eða skólum.“

„Ef yfirmaður er kærður vegna ætlaðs kynbundins ofbeldis, kynbundinnar eða kynferðislegrar áreitni verður hann vanhæfur til að taka ákvarðanir í tengslum við starfsskilyrði kæranda á meðan meðferð málsins stendur yfir og skal þá næsti yfirmaður taka slíkar ákvarðanir.“

Markmiðum og aðgerðum FVA í þessum flokki er ætlað að mæta kröfum laganna en það er á ábyrgð skólastjórnenda að koma í veg fyrir að kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni, kynferðisleg áreitni eða annað ofbeldi, s.s. einelti og gera starfsfólki ljóst að slíkt sé ekki liðið.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að koma í veg fyrir að starfsfólk verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni og/eða kynferðislegri áreitni	Starfsfólk fái fræðslu um kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni og/eða kynferðislega áreitni og góð samskipti á vinnustað	Skólameistari og jafnréttisráð	Í ágúst ár hvert og eftirfylgni allt skólaárið
Að til sé forvarnar- og viðbragðsáætlun gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi	Forvarnar- og viðbragðsáætlunin kynnt fyrir öllu starfsfólki	Skólameistari Gæðastjóri/verkefnastjóri mannauðsmála	Í ágúst ár hvert
Að starfsfólk viti hvert skal leita ef það verður fyrir eða verður vitni að kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni og / eða kynferðislegri áreitni	Í forvarnar- og viðbragðsáætlun kemur skýrt fram hvert skal leita ef slík mál koma upp. Kynnt í upphafi skólaárs. Áætlun skal vera aðgengileg á heimasíðu.	Skólameistari	Í ágúst ár hvert
Að tryggja eftirfylgni við áætlunina	Gera áhættumat og forvarnaráætlun í samræmi við vinnuverndarlög	Gæðastjóri/ verkefnastjóri mannauðsmála	Í maí ár hvert

Markmið og aðgerðir - Nemendur

FVA skal uppfylla 22. og 23. grein jafnréttislaga nr. 10/2008 með síðari breytingum gagnvart nemendum sínum.

Í töflunum hér fyrir neðan má sjá markmið jafnréttisáætlunar FVA, ásamt skilgreiningu á aðgerðum til að ná markmiðum fram í tengslum við þessar lagagreinar, hver á að sjá til þess að þær verði framkvæmdar og hvenær. Jafnréttisáætlunin varðar:

1. Kynbundið ofbeldi, kynbundna og kynferðislega áreitni (22. gr. laganna)
2. Menntun og skólastarf (23. gr. laganna)

1. Kynbundið ofbeldi, kynbundin og kynferðisleg áreitni (22. gr. laganna)

„Atvinnurekendur og yfirmenn stofnana og félagasamtaka skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og skjólstæðingar verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni eða kynferðislegri áreitni á vinnustað, stofnun, í félagsstarfi eða skólum.“

„Ef yfirmaður er kærður vegna ætlaðs kynbundins ofbeldis, kynbundinnar eða kynferðislegrar áreitni verður hann vanhæfur til að taka ákvarðanir í tengslum við starfsskilyrði kæranda á meðan meðferð málsins stendur yfir og skal þá næsti yfirmaður taka slíkar ákvarðanir.“

Markmiðum og aðgerðum FVA í þessum flokki er ætlað til að mæta kröfum laganna gagnvart nemendum. Stjórnendum FVA ber að stuðla að því að nemendur skólans verði ekki fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni og kynferðislegri áreitni í skólanum, bæði í námi og í félagsstarfi á vegum skólans. Þeim ber einnig að gera nemendum ljóst að slík hegðun sé ekki liðin.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að koma í veg fyrir að nemendur verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni og/eða kynferðislegri áreitni í skólanum og í félagsstarfi á vegum skólans	Að nemendur fái fræðslu um kynbundið ofbeldi kynbundna áreitni og/eða kynferðislega áreitni og góð samskipti Reglulega á námstímanum	Skólameistari og jafnréttisfulltrúi	Í sept. ár hvert og eftirfylgni allt skólaárið
Að til sé forvarnar- og viðbragðsáætlun gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi	Forvarnar- og viðbragðsáætlunin er kynnt fyrir nemendum Áætlunin er aðgengileg á heimasíðu	Skólameistari og jafnréttisfulltrúi	Í upphafi annar
Að nemendur viti hvert skal leita ef þeir verða fyrir eða verða vitni að kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni og / eða kynferðislegri áreitni	Kynnt í upphafi skólaárs hvert nemendur geta leitað ef þeir verða fyrir eða verða vitni að slíkri hegðun, hvort sem nemandi, kennari eða yfirmaður á í hlut	Skólameistari og jafnréttisfulltrúi	Í upphafi annar
Að tryggja eftirfylgni við kynningu	Kannanir, s.s. Skólapúlsinn og nemendakannanir á vegum skólans	Aðstoðarskólameistari	Í mars ár hvert

2. Menntun og skólastarf (23. gr. laganna)

„Kynjasambættingar skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í skóla- og uppeldisstarfi, þar á meðal íþrótt- og tómstundastarfi. Á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál þar sem m.a. skal lögð áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi. Kennslu- og námsgögn skulu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað. Í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólum skulu piltar og stúlkur óháð kyni hljóta fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf.“

Nám og kennsla eru verðmæti sem allir nemendur skólans eiga rétt á: Allir skulu fá tækifæri til að nýta hæfileika sína. Til þess að uppfylla framangreindar kröfur þarf að beita fjölbreyttum aðferðum við kennslu og mat á vinnuframlagi nemenda (einingar og einkunnir). Jafnréttissjónarmið þarf að fléttast inn í alla kennslu, kenndir sérstakir áfangar sem hafa jafnréttishugsjónina að leiðarljósi, s.s. kynjafræði. Stjórnendateymi skólans sér til þess að náms- og starfsráðgjöf sé öflug og að aðstoð við hópa sem standa höllum fæti sé öflug og henni viðhaldið.

Jafnréttismiðuð kennsla gerir þá kröfu til kennara og annarra starfsmanna skólans að þeir haldi vöku sinni í jafnréttismálum. Jafnréttismiðuð kennsla felur meðal annars í sér að:

- valdar séu fjölbreyttar kennsluáðferðir
- nemendur af öllum kynjum eru hvattir til að kynna sér nám sem talið er hefðbundið fyrir ákveðið kyn
- nemendum verði boðið upp á áfanga í kynjafræðum
- kennarar gæti þess að mismuna ekki nemendum eftir kyni hvorki í vali á kennslubókum né viðhorfum
- haft sé í huga að nemendur eru ekki einsleitir hópur og að aðstoð við hópa sem standa höllum fæti sé öflug og henni viðhaldið
- í námsgreinum, þar sem tilteknum hópi nemenda gengur almennt betur, séu markvisst notaðar aðferðir og efni til að hvetja alla nemendur til dáða
- hlutir séu skoðaðir frá mörgum sjónarhornum og þar sem ólíkar heimildir eru notaðar sé þess gætt að vitna í sérfræðinga af öllum kynjum eftir því sem tók eru á
- augu séu opin fyrir hlutdrægni bæði í hegðun og námsefni og nemendum bent á leiðir til að koma auga á og vinna gegn misrétti
- ekki sé gert ráð fyrir að allir nemendur séu gagnkynhneigðir
- Nemendur komi fram fyrir hönd skólans, óháð kyni eða sérkennum

Telji nemandi að jafnrétti sé brotið í FVA skal hann leita til jafnréttisfulltrúa, jafnréttisráðs eða skólameistara sem sameiginlega leita leiða til úrlausna. Framangreint er áréttað í eftirfarandi markmiðum og aðgerðum sem eru til stuðnings við ákvæðin í 23. gr. laganna.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Nemendur skulu fá fræðslu um jafnréttismál	Allir nemendur geta valið áfanga í kynjafræði einhvern tímann á námstímanum.	Skólameistari	Í boði á hverri önn
Að búa nemendur undir jafna þátttöku í samfélaginu, s.s. í fjölskyldu- og atvinnulífi	Við endurskoðun kennsluáætlana skulu kennarar hafa markmiðasetningu sem undirbýr alla nemendur undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi	Kennarar	Í upphafi annar
Að kennslu- og námsgögn mismuni ekki kynjunum.	Kennslugögn sem sannanlega reynast mismuna eftir kyni er skipt út fyrir annað betra kennsluefni í viðkomandi áfanga.	Deildarstjórar og kennarar	Í lok annar og fyrir hverja önn
Í náms- og starfsfræðslu fá allir fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf, óháð kyni.	Náms- og starfsráðgjafar eru með starfsfræðslu fyrir útskriftarnema í sérstökum lokaáfanga.	Náms- og starfsráðgjafar	Á hverri önn
Að námstilboð skólans höfði til allra nemenda	Fylgjast markvisst með kynjahlutfalli í námi á vegum skólans.	Skólameistari Aðstoðarskólameistari Áfangastjóri Jafnréttisfulltrúi	Stöðumat árlega; niðurstöður kynntar í janúar árlega

Eftirfylgni

Til viðbótar við setningu raunhæfra og mælanlegra markmiða sem taka mið af nefndum lagagreinum í jafnréttisáætluninni þarf að fylgja málum eftir og gera úttekt á frammistöðu, s.s. að fara yfir niðurstöður aðgerða og meta hvað gekk vel og hvað betur má fara, auk þess að taka saman jafnréttisvísa. Allar niðurstöður eru kynntar fyrir starfsfólki. Þá skal endurskoða jafnréttisáætlun á þriggja ára fresti á grundvelli niðurstaðna og fá samþykki Jafnréttisstofu sem hefur eftirlit með framkvæmd laga nr. 10/2008 með síðari breytingum.

Hér á eftir eru tilgreind viðbótarmarkmið og aðgerðir sem ætlað er að auka vitund og þekkingu bæði starfsfólks og nemenda á jafnrétti.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að efla vitund starfsfólks um stöðu jafnréttismála hjá FVA	Kynna og ræða jafnréttisáætlun FVA við starfsfólk. Kynning á 1. starfsdegi haustannar, ár hvert	Skólameistari	Lok ágúst ár hvert
	Fræðsluáætlun: Skipuleggja árlega fræðslu um jafnréttismál og kynjafræði fyrir starfsfólk FVA	Aðstoðarskólameistari og jafnréttisráð	Í lok vorannar ár hvert
	Gera árlega úttekt á stöðu jafnréttismála hjá FVA (jafnréttisvísar) og kynna niðurstöður fyrir starfsfólki	Gæðastjóri skólameistari og jafnréttisfulltrúi	Í árslok ár hvert
	Skrifa kafla í ársskýrslu FVA um stöðu jafnréttismála	Jafnréttisfulltrúi	Maí ár hvert
Kynjasambættingar ¹ skal gætt eftir því sem við á, skv. 17. gr. jafnréttis laga.	Stjórnendateymi FVA hugi að kynjasambættingu við stefnumótun og áætlanagerð og hvort og hvernig hún getur nýst í þágu jafnréttis innan FVA	Skólameistari	Lok maí 2021 og síðan árlega
Að stuðla að jafnrétti í kennslu	Kennarar noti sjálfsmatsmælikvarða til að meta stöðu jafnréttismála í eigin kennslu	Aðstoðarskólameistari – rýnihópar kennara	Lokið í maí 2021 og síðan árlega
Að jafnréttisáætlunin skili tilætluðum árangri	Viðhorfskönnun meðal starfsfólks m.t.t. verkefna áætlunarinnar	Aðstoðarskólameistari og jafnréttisfulltrúi	Des. annað hvert ár
Að jafnréttisáætlunin sé í sífældri þróun eins og önnur stefnumótun.	Vinna tillögu að nýrri jafnréttisáætlun á grundvelli reynslu, verkefna og niðurstaðna kannana	Skólameistari / jafnréttisfulltrúi og jafnréttisráð	Lokið a.m.k. mánuði áður en gildistími eldri áætlunar rennur út

¹ Kynjasambætting: Að skipuleggja, bæta, þróa og leggja mat á stefnumótunarferli þannig að sjónarhorn kynjajafnréttis sé á öllum sviðum fléttað inn í stefnumótun og ákvarðanir þeirra sem alla jafna taka þátt í stefnumótun í samfélaginu.

Jafnréttisvísar

Jafnt og þétt skal vinna að því að jafna kynjahlutföll í nefndum og ráðum á vegum skólans. Þegar óskað er eftir tilnefningu í nefndir og ráð skal farið fram á að tekið sé mið af 14. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla sem segir að hlutfall kynjanna skuli vera jafnt og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða. Þegar tilnefnt er í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skal tilnefna bæði karl og konu. Jafnréttisvísar eru teknir saman eins oft og þurfa þykir til að vinna að þessu markmiði.

	1.8.2019	31.12.2020	31.12.2021	31.12.2022
Stjórnendateymi	kk (0) kvk (5)	0% 100%		
Deildarstjórar	kk (5) kvk (4)	56% 44%		
Skólaráð (kenn.)	kk (2) kvk (0)	100% 0%		
Skólaráð (nem.)	kk (1) kvk (1)	50% 50%		
Skólanefnd (kenn.)	kk (0) kvk (2)	0% 100%		
Nemendafélag	kk (4) kvk (2)	67% 33%		
Jafnréttisfulltrúi	kk (1) kvk (0)	100%		
Jafnréttisráð	kk (2) kvk (3)	40% 60%		
Dagskólanem.	kk (229) kvk (174)	57% 43%		
Dreifnámsnem.	kk (42) kvk (35)	55% 45%		
Starfsmenn, kennarar	kk (23) kvk (25)	48% 52%		
Starfsmenn, aðrir	kk (2) kvk (12)	14% 86%		
Koss (starfsm.fél.)	kk (1) kvk (4)	20% 80%		
Aðrar nefndir, ráð og verkefni	kk () kvk ()			

Í lok hvers almanaksárs er staða aðgerða samkvæmt áætluninni og niðurstöðum jafnréttisvísa tekin saman. Gæðastjóri heldur utan um tölfræði vegna áætlunarinnar og upplýsir skólameistara og fulltrúa í jafnréttisráði og jafnréttisfulltrúa um niðurstöður samantektar. Jafnréttisráð og jafnréttisfulltrúi kynna kennurum niðurstöðurnar á kennarafundi í janúar. Allar kyngreindar upplýsingar sem tengjast framgangi jafnréttisáætlunar skólans og fjallað er um á fundum eru birtar í ársskýslu skólans sem er aðgengileg á heimasíðu FVA.

Jafnréttisáætlun þessi gildir frá 5. febrúar 2020 til 5. febrúar 2023

Steinunn Inga Óttarsdóttir, skólameistari.